



FRÉTTA TILKYNNING

Flug til Sauðárkróks og Vestfjarða

Samið um flug út næsta ár til Sauðárkróks og áframhaldandi flug á Gjögur og Bíldudal

Ákvörðun hefur verið tekin um að fjárhagslegum stuðningi ríkisins við áætlunarflug til Sauðárkróks ljúki nú í árslok 2010. Ástæður þess eru breyttar forsendur samgangna á svæðinu með tilkomu Héðinsfjarðarganga, en flug til Sauðárkróks hefur einkum verið styrkt vegna vegalengdar milli Siglufjarðar og Reykjavíkur. Þá er einnig áframhaldandi almennur niðurskurður fjárveitinga til að styrkja innanlandsflug. Í framhaldi af þessari ákvörðun óskaði Flugfélagið Ernir eftir endurskoðun á samningi við Vegagerðina um styrki til flugs á nokkrum leiðum, og þá einkum til Bíldudals og Gjögurs á Vestfjörðum.

Vegagerðin og Flugfélagið Ernir hafa að undanfögnu rætt um þessa stöðu og leitað leiða til að endurskoða fyrirbyggjandi samning með það fyrir augum að tryggja áframhaldandi áætlunarflug til Bíldudals og Gjögurs, auk þess að kanna hvort unnt væri að halda áfram flugi til Sauðárkróks um einhvern tíma. Niðurstaða þessa viðræðna liggur nú fyrir, og breyttur samningur milli aðila var undirritaður í dag, 9. desember 2010. Samkvæmt honum ábyrgist Flugfélagið Ernir áframhaldandi áætlunarflug til Sauðárkróks til ársloka 2011, án sérstakra styrkgreiðslna.

Þá tryggir nýr samningur flug til Gjögurs til 1. janúar 2012, og til Bíldudals til 1. janúar 2013. Eftir það getur Vegagerðin sagt upp samningi á einstökum leiðum með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn felur í sér nokkra hækkun á styrk til Vestfjarðaflugsins, en Flugfélagið Ernir tekur þó á sig aukna áhættu í fjárhagslegri útkomu á þeim flugleiðum, auk þess að freista þess að halda áfram áætlunarflugi til Sauðárkróks án ríkisstyrks næsta ár.

Nánari upplýsingar veita

Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri s. 522-1003
G. Pétur Matthíasson, upplýsingarfulltrúi s. 522-1008/865-3163